

KJARASAMNINGUR
milli
Framsýnar stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar
og
Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Kjarasamningur Framsýnar stéttarfélags / Verkalýðsfélags Þórshafnar og Samtaka atvinnulífsins tekur sömu breytingum og greinir í kjarasamningi SGS og SA frá 5. maí 2011 (kjarasamningur SA og aðildarsamtaka ASÍ og kjarasamningur SA og SGS).

Hluti kjarasamnings SA og VP er jafnframt sérkjarasamningur vegna starfa í fiskimjölverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn..

2. gr.

Bókun vegna starfsmanna í viðbragðsstöðu

Samningsaðilar eru sammála um að ef samið hefur verið við starfsmann um að hann skuldbundi sig til að vera í viðbragðsstöðu og mæta til vinnu með skömmum fyrirvara sé þess óskað þá skuli tekið tillit til þess við ákvörðun launa eða semja um sérstaka þóknun vegna þessarar bindingar.

3. gr.

Bókun um ágreiningsnefnd

Samtök atvinnulífsins skuldbinda sig til að semja við SGS, verði eftir því leitað, um skipan samstarfsnefndar sem fjalla skal um ágreiningsmál sem upp kunna að koma milli starfsmanna og vinnuveitenda sem aðild eiga að kjarasamningi SGS og SA vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Þar til sú nefnd hefur verið skipuð skal samsvarandi nefnd starfa á vettvangi SA og Framsýnar stéttarfélags / Verkalýðsfélags Þórshafnar.

4. gr.

Yfirlýsing


SA staðfesta þann skilning að hlutverk vinnuhóps sem skipaður verður til að fjalla um starfsheiti og röðun launafólks í ferðapjónustu í launaflokka sé jafnframt að skoða með hvaða hætti aukin menntun sem nýtist í starfi hafi áhrif við innröðun í launaflokka.

5. gr.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynnt eigi síðar en föstudaginn 27. maí kl. 12:00.

Reykjavík, 10. maí 2011

F.h. Framsýnar stéttarfélags
og Verkalýðsfélags Þórshafnar



F.h. Samtaka atvinnulífsins

